


Alþingi
Erindi nr. P 131/846
komudagur 24. 2. 2005



LSR
LÍFEYRISJÓÐUR
STAFISMANNNA RÍKISINS

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðina, 479. mál aðild og viðmiðunarlaun.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga fékk til umsagnar ofangreint frumvarp sbr. bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, dags. 9. febrúar 2005.

Málið var á dagskrá stjórnarfundar LH þann 16. febrúar sl.. Stjórnarmenn lýstu sig sammála efni frumvarpsins en vildu þó koma að athugasemd við 1. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Athugasemd við 2. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir: "*.....og áttu aðild að sjóðnum við árslok 2004*" og í 3. mgr. 2. gr. segir: "*.....sem aðild áttu að sjóðnum í árslok 2004*".

Stjórn LH telur að í 1. og 3. mgr. 2. gr. ætti frekar að tilgreina þá sem "*...höfðu heimild til aðildar að sjóðnum við árslok 2004*".

Athugasemd þessi byggir á því að hjúkrunarfræðingar sem ekki eru greiðandi í sjóðinn á tilgreindu tímabili geta tapað aðild sinni að sjóðnum þrátt fyrir að formlegu ráðningarsambandi hafi ekki verið slitið. Slík aðstaða gæti komið upp ef sjóðfélagi er í launalausum leyfi og því ekki greiðandi í sjóðinn.

Virðingarfyllst,
f.h. Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga

Þórey S. Þórðardóttir, forstöðumaður réttindamála